


02-367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga –

Ársskýrsla 2008



Fjölbrautaskóli  
Snæfellinga

## Ársskýrsla 2008

### Helstu breytingar í skólastarfinu

Á árinu 2008 voru skráðir nemendur um 269 að meðaltali, 230 á vorönn og 308 á haustönn. Þá eru allir nemendur taldir, þ.e. dagskólanemendur í fullu námi, nemendur í dreifnámi sem geta verið í frá einum áfanga upp í fullt nám, vélstjórnarnemendur í lotubundnu námi og grunnskólanemendur sem taka einn til tvo áfanga meðfram námi sínu í 10. bekk.

Framhaldsdeildin á Patreksfirði sem hóf starfsemi sína á haustönn 2007 hélt áfram sínu striki og mikil vinna fór í að þróa þær aðferðir sem hægt væri að nota við slíkar aðstæður. Eins og staðan er nú er notast töluvert við fjarfundabúnað þannig að nemendur á Patreksfirði geta tekið þátt í kennslustundum í FSN að vissu marki. Til að þetta gangi sem best er reynt að hafa Patreksfirðingana saman í hóp ef um fleiri en einn hóp er að ræða. Síðan koma þeir til Grundarfjarðar þrisvar yfir önnina og eitthvað er um að kennarar fari til þeirra.

Vorið 2008 fór starfsmannahópurinn saman til London þar sem heimsóttir voru skólar. Þar fræddist hópurinn um nýjar hugmyndir í kennsluháttum í Kings College.

Um jólin útskrifuðust 20 stúdentar og þrír útskrifuðust af vélstjórnarbraut A, réttindi  $\leq 750$  Kw. Þar með lauk verkefni sem staðið hefur í 7 annir og var samstarf vélskólans (nú Tækniskólans) og FSN um vélavarðarnám. Þetta gaf góða raun og var mjög jákvætt en var dýrt fyrir skólann og verður því trúlega ekki endurtekið enda munu aðrir væntanlega koma til með að sinna því.

Hið svokallaða SNÆ-verkefni hélt áfram með sama hætti og áður. Hópurinn fór í heimsókn til Finnlands sem var liður í áætlun þessa verkefnis. Samstarfinu lýkur svo á vorönn 2009 með því að sviarnir og finnarnir koma í heimsókn til okkar. Þetta verkefni er talið hafa heppnast með miklum ágætum og samstarf teymisins gekk mjög vel.

Annað þróunarverkefni sem lýtur að stærðfræðikennslu hélt einnig áfram sem fyrr.

Sjálfsmatshópur skólans fylgdi á árinu áætlun sinni um þau verkefni sem fyrir lágu. Gerð var könnun á stærðfræðikennslunni og í ljós komu ákveðnir hnökrar sem búið er að ræða við stærðfræðikennarana. Þeir munu svo gera viðeigandi lagfæringar á vorönn 2009. Starf námskrárhópsins hafði legið niðri um tíma enda hafði hann skilað af sér sinni vinnu í bili. Á haustönninni voru svo haldnir tveir stórir fundir með kennurum skólans þar sem byrjað var að velta fyrir sér hvernig ætti að bregðast við nýjum lögum um framhaldsskóla. Sú vinna er því hafin og verður haldið áfram á nýju ári þegar og ef í það fæst fé.

Nú hefur Guðbjörg Aðalbergsdóttir horfið til annarra starfa og við starfsfólkið og nemendurnir höfum beðið um hríð eftir að nýr skólameistari yrði ráðinn. Við gerum okkur grein fyrir að með nýrri forystu verði áherslubreytingar í ýmsum málum og því hefur ríkt ákveðin spenna í skólanum. Starfsmenn ræða sín á milli um mögulegar breytingar í skólastarfinu og sýnist sitt hverjum. Hinn væntanlegi skólameistari sem nú hefur verið ráðinn mun þó leggja línurnar um hvert framhaldið verður í þessari ungu og nýstárlegu menntastofnun.

Pétur Ingi Guðmundsson, settur skólameistari.